

Nr. 077 / 13 Edda SU 253

Vélarbilun og dregin til hafnar

Skipaskr.nr. 6921
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast
Stærð: 4,8 brl. 4,8 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 0,95 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Edda ©Hafbór Hreiðarsson

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júní 2013 var Edda SU 253 á strandveiðum á SA miðum. Veður: Hægviðri.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Það var Gestur SU 159 sem dró hann til hafnar á Djúpavogi.

Við rannsókn kom fram:

- að upphengjan í drifinu (Duoprop) gaf sig án sjáanlegra skýringa en fram kom að það væri u.þ.b. árgamalt;
- að það brotnaði upp úr legunni í neðra sætinu en ekkert benti til að hún hafi verið í einhverri þvingun;
- að skemmdir urðu á rílunum á diskinum aftan á vélinni þar sem kast hafði komið á öxulinn við átökin;
- að athugað var hvort eitthvað hafi farið í skrúfuna en enginn merki voru um það.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.